

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 6. desember 2023

Fyrirlesari: Þórarinn Eldjárn, skáld

Efni: „Mitt er að yrkja. Yfirreið með ljóðdæmum“.

Mættir: 93, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16 og minntist í upphafi Jóns Þorgeirs Hallgrímssonar. Þá fór hann stuttlega yfir atburði sem eru framundan hjá Öldungadeildinni, þ.e. tvö málþing á Læknadögum, innanlandsferð á slóðir Sigvalda Kaldalóns snemmsumars og Skotlandsferð í haust. Þá gaf hann fyrirlesaranum Þórarni Eldjárn orðið og byrjaði hann á að biðjast afsökunar a titlinum, sem er fyrri hluti setningar sem höfð er eftir Benedikt Gröndal, en síðari hlutinn er “ykkar er að skilja”. Síðan rakti Þórarinn fyrir okkur skáldferil sinn með lýsandi dæmum á sinn lipra og áreynslulausa hátt, eins og ljóðin hans eru. Fyrsta kvæðabók hans var fjölrituð og kom út 1974. Þá kom lesendum á óvart að svo ungt skáld skyldi nota gamaldags form, yrkja hefðbundið, sem Þórarinn vill kalla háttbundið. Hann átti svo eftir að ganga enn lengra Disneyrímum. Næsta tæpa áratuginn hélt hann áfram að yrkja háttbundið og eftir 3 bækur fannst honum hann vera orðinn skáld. Þá vildi hann verða rithöfundur líka og komu þá fyrst smásögur og loks skáldsögur. Árið 1984 kom svo heil bók með ljóðum sem ekki voru háttbundin, gangrýnendur fögnuðu og þótti lipurlega ort. Næst tók við prósarím og svo komu öll ljóðin fyrir börn á öllum aldri i samvinnu við Sigrúnu systur hans. Jafnframt greip hann í sonnettuformið. Þá tók við 14 ára hlé og aftur komu háttbundin ljóð og prósaljóð í bland. Í nýjustu ljóðabókunum eru örstutt ljóð, nánast eins og spakmæli, þétting hugsunar, sbr. að skáldskapur heitir Dichtung á þýsku. Þessi ljóð heimta meiri yfirlegu en nokkurt annað form. Þórarinn hélt athygli okkar fanginni í drjúgan klukkutíma og bætti við einu óskakvæði.

Formaður sleit fundi kl. 17:10.